

maður stefndu mótmælti þessari skoðun og hélt því fram, að þar sem kröfu þessari hefði hvorki verið vísað frá dómi né málið hafið, stæði hún áfram óhöggðu fyrir réttinum.

Ekki eru til nein bein lagafyrirmæli um það, hve langur tími megi liða frá því æðri dómur vísar máli heim í hérað til meðferðar af nýju, og þar til mál falli niður vegna aðgerðarleysis. Þar sem ástæður þær, sem lágu til grundvallar fyrri kröfu stefnanda, virðast ennþá vera óbreyttar, verður ekki talið, að aðgerðarleysi stefnanda eitt geti valdið því, að þingfest krafa hans falli niður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, liggur hér fyrir réttinum þingfest krafa, sem inniheldur sams konar kröfu, sem stefnandi vill fá dómsviðurkenningu á í þessu máli. Er þetta andstætt 3. mgr. 104. gr. einkamálagaga nr. 85/1936.

Verður af þessum ástæðum ekki hjá því komizt að vísa málinu frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 25. september 1950.

Kærumálið nr. 11/1950.

María Jóelsdóttir

gegn

Akureyrarkaupstað.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jó-
natans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyj-
ólfssonar.

Hrundið kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 4. júlí þ. á., sem hingað barst 19. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð uppkkveðinn í fógetarétti Akureyrarkaupstaðar 3. júlí þ. á.,

þar sem kröfu sóknaraðilja um vísun málsins frá fógætaréttinum var hrundið. Krefst sóknaraðili þess hér fyrir dómi, að úrskurður fógætaréttarins verði felldur úr gildi og málinu vísað frá fógætaréttinum. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Bæjarþingsdómur sá, sem um ræðir í úrskurði fógætaréttarins, lýtur að skyldu varnaraðilja til greiðslu útsvars á Akureyri árin 1944—1946, en skiptir alls engu um útsvarskyldu hans þar árið 1948. Ber því að staðfesta úrskurð fógætaréttarins að niðurstöðu til.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert í málinu, fellur kærumálskostnaður niður.

Víta ber fráleita kæru framangreinds úrskurðar til Hæstaréttar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 3. júlí 1950.

Undir gerð þessari krefst gerðarbeiðandi, Björn Halldórsson héraðsdómslögmaður f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, að lögtak verði gert hjá gerðarþola, Mariu Jóelsdóttur, Strandgötu 9 hér, fyrir útsvari frá árinu 1948 að upphæð kr. 1170.00 auk dráttarvaxta.

Gerðarþoli mótmælir því, að gerðin nái fram að ganga, af því að hún hafi aldrei átt heima á Akureyri. Og undir rekstri málsins hefur af hendi gerðarþola komið fram krafa um, að máli þessu verði vísað frá fógætaréttinum. Málsatvik eru þessi.

Hinn 24. febrúar 1947 gekk dómur hér í bæjarþinginu í máli bæjarsjóðs Akureyrar gegn gerðarþola, Mariu Jóelsdóttur. Var gerðarþoli í máli þessu krafín um útsvar til Akureyrarbæjar fyrir árin 1944, 1945 og 1946, að upphæð alls kr. 820.00 auk dráttarvaxta. Gerðarþoli var sýknuð í málinu, þar sem rétturinn taldi, að hún hefði ekki á umræddu tímabili átt lögheimili á Akureyri.

Gerðarþoli heldur nú fram, að útsvarskrafan undir gerð þessari sé enn sem fyrr reist á því, að hún sé heimilisföst á Akureyri, en að engar breytingar hafi orðið á búsetuhögum hennar.

Rétturinn tekur fram, að samkvæmt lögum um heimilisfang frá 23. júní 1936 komi fleira til greina í þessum málum um greiðslu útsvara en heim-

ilisfang, t. d. samkvæmt 8. gr. laganna, hvort líkur séu til, að gjöld þau, sem skattþegn á að greiða, hefðu orðið hærri í hreppi eða kaupstað kæranda en þar, sem kærði telur heimilisfang sitt. Loks vill rétturinn leggja áherzlu á, að það er nú upplýst, að gerðarþoli greiddi allt árið 1947 húsaleigu fyrir herbergi sitt hér á Akureyri, en í forsendum margnefnds dóms er talið, að hún hafi ekki haft á leigu húsnæði á Akureyri, er hún dvaldist í Skagafirði.

Rétturinn lítur svo á, að honum sé heimilt að taka til athugunar framangreind atriði og annað, áður en endanlegur úrskurður verður kveðinn upp í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður frávisunarkrafa gerðarþola ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Atriðið var tekið til úrskurðar 30. f. m.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. september 1950.

Nr. 1/1950. **Ákærvaldið** (Theódór B. Líndal)

gegn

Jóni Þorkelssyni og Óskari Þórðarsyni

(Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Þórðar
Eyjólfssonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Brot gegn reglum um fjárfestingu.

Dómur Hæstaréttar.

Reglugerðarákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, eiga stoð í 5. gr. laga nr. 70/1947. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærðu. Með tilliti til þess, að hér var um litla notkun efnis og vinnu að ræða, þykir refsing hvors hinna ákærðu